



2. fundur stjórnar LH 2024-2026
6. nóvember 2024 kl. 20:30
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Reynir Atli Jónsson, Ragnhildur Gísladóttir, Hilmar Guðmannsson, Jón Þorberg Steindórsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar 1. fundar

2. Formaður fer yfir stöðuna frá síðasta fundi

Formaður hefur átt annasama daga, hefur tekið marga fundi og fengið fjölmörg símtöl frá ýmsum aðilum innan og utan hreyfingarinnar, þar sem farið hefur verið yfir stöðu verkefna og þau mál sem eru aðkallandi.

3. Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni á skrifstofu

- Skipulagning í kringum Hæfileikamótun en hópur 2 fer á Hóla um næstu helgi og verið er að undirbúa kennsluhelgi b-hóps sem fer fram hjá Eldhestum desember.
- Menntadagur landsliðsins og fjölskyldusýning U21 og Hæfileikamótunar 30. nóv og 1. des. er í fullum gangi og að ýmsu að huga í tengslum við það.
- Frágangur eftir Landsþing, uppfæra skráningar, reglugerðir og koma samþykktum þingsins í farveg.
- Auglýst var eftir tilnefningum frá hestamannafélögum til félagsmanns ársins og reiðkenna ársins – viðurkenningar afhentar á menntadeginum.
- Mótaskrá 2025 er í vinnslu
- Uppfærsla á heimasíðunni er í skoðun
- Framundan eru formannafundur ÍSÍ í lok nóv. og FEIF þing í lok janúar

4. Staða verkefna

Farið yfir verkefnalista stjórnar.

5. Samþykktir Landsþings 2024

Farið yfir samþykktir Landsþings og þeim fundinn farvegur og verkefnum úthlutað.

Sóley Margeirsdóttir vikur af fundi.



6. Önnur mál

a. *Landsliðsnefnd:*

Rædd var staða landsliðsnefndar varðandi stór verkefni sem eru framundan sem eru mörg og í fullri vinnslu. Ekki hefur verið skipað í nýja nefnd en það verður gert fljótlega eftir að umsóknarfrestur til nefndastarfa rennur út þann 15. nóvember. Þar sem verkefni landsliðsnefndar eru brýn og þurfa að halda áfram er það tillaga formanns að Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir og Sigurbjörn Eiríksson taki sæti í nefndinni nú þegar og knapar velji sinn fulltrúa í nefndina. Síðan verði landsliðsnefnd fullmönnuð og skipað í hlutverk þegar nefndin verði fullskipuð eins og aðrar nefndir eftir að umsóknarfrestur í nefndir hefur runnið út.

Afgreiðsla: Samþykkt.

b. Verið er að ganga frá pöntun á fatnaði landsliðshópana í tengslum við menntadag landsliðsins. Rætt var um hvort þanta skuli úlpur á stjórnarfólk eins og gert hefur verið á hverju kjörtímabili.

Afgreiðsla: Frestað til næsta staðfundar.

Næsti fundur boðaður fimmtudag 14. nóv.

Fundi slitið kl. 21.54